



Sólvallagötu 6a 230 Keflavík  
Sími: 420 1450 Fax: 420 1459  
Netfang: [mylla@myllubakkaskoli.is](mailto:mylla@myllubakkaskoli.is)

# Myllan

## FRÉTTABRÉF

1. tbl. 25. árgangur mars 2009

### Í þessari Myllu

<b>Skólahreysti</b>
<b>Stóra upplestrarkeppnin</b>
<b>Páskafrí</b>
<b>Mætingaráatak</b>
<b>Gísli Súrsson</b>
<b>9. bekkingar að Laugum</b>
<b>Skemmtikvöld hjá 10. bekk</b>
<b>Heimsókn í FS - 9. bekkur</b>
<b>Foreldrafelagið</b>
<b>Vinir Zippýs</b>
<b>Tækni - lego námskeið</b>
<b>Forskólatónleikar</b>
<b>Páskabingó</b>
<b>Árshátíð</b>

### Skólahreysti

Eybór, Marsibil, Sara og Davíð í 9. og 10. bekk kepptu fyrir hönd Myllubakkaskóla í Skólahreysti í Smáranum. Þau stóðu sig öll með prýði og má geta þess að Eybór vann í báðum greinunum sem hann tók þátt í og setti Íslandsmet í upphífingum, eða 58 alls. Rúmlega 80 nemendur úr 7. - 10. bekk mættu sem stuðningslið keppenda.



### Stóra upplestrarkeppnín

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk var haldin í Bíosal Duushúsa mánudaginn 9. mars. Fulltrúar Myllubakkaskóla voru Sandra Lind Þrástardóttir og Hildigunnur Gísladóttir. Þær stóðu sig báðar mjög vel og varð Sandra Lind í 1. sæti. Hera Ketilsdóttir sem var í 2. sæti í fyrra kynnti ljóðahöfund keppninnar.

### Páskafrí

Nemendur byrja í páskafrii mánudaginn  
6. apríl og mæta aftur samkvæmt  
stundaskrá miðvikudaginn 15. apríl.



## Mætingaátak

Undanfarnar vikur hefur verið í gangi mætingaátak á unglingsastigini. Allnokkur árangur hefur náðst en betur má ef duga skal. Eftirlit og eftirfylgni foreldra er mikilvægur þáttur í því að vel takist til og því biðjum við foreldra að fara reglulega inn á mentor og fylgjast með mætingum barna sinna.

## Gíslí Súrsson

Tíundu bekkingar buðu jafnöldrum sínum í Holtaskóla í heimsókn til að sjá leikritið Gísla Súrsson en nemendur efstu bekkja þessara tveggja skóla hafa undanfarin ár komið saman og horft á leikritið. Elfar Logi fór á kostum í leikritinu og nemendur voru til fyrirmynadar eins og undan farin ár.

## 9. bekkingar að Laugum

Vikuna 2. - 6. mars dvöldu nemendur 9. bekkja í ungmenna og tómstundabúðum að Laugum í Sælingsdal. Leiðsögn og kennsla var í höndum starfsmanna staðarins en umönnunaraðilar utan kennslu voru umsjónarkennrarar hópanna. Auk nemenda úr Myllubakkaskóla voru unglingar frá Höfn í Hornafirði og Eyrabakka, samtals 70 nemendur. Húsakosturinn að Laugum er góður, allt húsnaðið innangengt, íþróttahús, sundlaug, byggðasafn og tómstunda aðstaða með borðtennis, pool og fleiri leiktækjum.

Kennslan fölst fyrst og fremst í að styrkja félagsþroska og efla sjálfstraust nemenda. Meðal verkefna má nefna ræðumennsku, félagsvist, auglýsingagerð og fleira í þeim dúr. Einnig heimsóttu nemendur „bústað“ Eiríks rauða - Eiríksbæ, fjárbú og nýlegt kúabú.

Gaman var að sjá hvernig hóparnir þrír mynduðu smám saman nánari tengsl eftir því sem leið á vikuna. Eitt það merkilegasta við ferðina var hve auðveldlega nemendur gátu verið án sælgætis, goss, tölву og sjónvarpsgláps, þetta er hægt ef viljinn og aðstaðan er fyrir hendi.

## Skemmtíkvöld hjá 10. bekk

Ellefta mars efndu nemendur til skemmtíkvölds en það var liður í fjároflun þeirra vegna vorferðarinnar. Segja má að nokkrar nýjar stjörnur hafi skotist upp á himininn þetta kvöld í tónlist, leik og dansi. Boðið var upp á hressingu í hléi og þá kom berlega í ljós hversu myndarlegir nemendur, aðstandendur þeirra og kennarar eru þegar allir leggjast á eitt. Kvöldið var frábært!



## Heimsókn í FS - 9. bekkur



Mánudaginn 16. febrúar fóru nemendur 9. bekkja í heimsókn í Fjölbautaskóla Suðurnesja. Þar sáu námsráðgjafar FS um kynningu á starfi skólans, húsnaði og námsframboði. Við hvetjum þessa nemendur til að byrja sem fyrst að velta fyrir sér hvaða nám þeir vilja stunda að loknum grunnskóla. Námsráðgjafi skólans veitir gjarnan aðstoð við þær vangaveltur.

## Foreldrafélagið

Eins og á síðustu önn hefur Foreldrafélagið fundað einu sinni í mánuði.

Félagið er ánægt með að PBS kerfi hefur verið tekið upp við skólann og vonar að býtin verði hvatning til þeirrar hegðunar sem vænst er hverju sinni.

Bekkjafulltrúar voru boðaðir á fund í febrúar og þökkum við þeim sem mættu. Þar var m.a. rætt um: hvað foreldrar geta gert saman með bekknunum, hugmyndir að fyrilestrum fyrir nemendur/foreldra og undirbúnungur fyrir máltið sem foreldrar 10. bekkja sjá um og bjóða nemendum 10. bekkja og kennurum.

Bekkjafulltrúar eru tengiliður foreldra við foreldrafélagið en ef foreldrar vilja hafa beint samband er hægt að senda tölvupóst á formanninn á [austurg@internet.is](mailto:austurg@internet.is).

Nokkrir skólaráðsfundir hafa verið haldnir en einn fulltrúi í foreldrafélaginu situr í skólaráði. Aðalfundur félagsins verður 5. maí og verður auglýstur nánar síðar. Nýr verkefnastjóri FFGIR tók við af Kristlaugu en það er Ingigerður Sæmundsdóttir. Foreldrafélagið tók þátt í undirbúnungi fyrir opinn fund FFGIR um velferð barna í Reykjanesbæ sem haldinn var í húsi Virkjunar. Hægt er að fylgjast með störfum FFGIR á heimasiðu þess ffgir.is.

Stjórn FFM

## Tækni - legó námskeið

Boðið var upp á Tækni - legó námskeið í Myllubakkaskóla þrjá föstudaga í röð. Jóhann Breiðfjörð sá um námskeiðið en hann starfaði í 5 ár sem hönnuður, hugmyndasmiður og ráðgjafi hjá leikfangafyrirtækinu LEGO. Góð aðsókn var á námskeiðið og heppnaðist það mjög vel.



## Vínir Zippýs

Vínir Zippýs er alþjóðlegt lífsleikninámsefni sem er ætlað að efla geðheilbrigði ungra barna og er nú kennt í 13 löndum að Íslandi meðtöldu. Það eru bresk góðgerðarsamtök „Partnership for Children“ sem sjá um útbreiðslu og samningu námsefnisins. Börnunum er kennt að ráða fram úr erfiðleikum sem þau mæta í daglegu lífi, að bera kennsl á og tala um tilfinningar sem þau bera í brjósti og kanna færar leiðir til að kljást við tilfinningar sínar. Námsefnið er ekki síður samið með það fyrir augum að hvetja börn til þess að aðstoða þá sem eiga við vanda að stríða, að geta sett sig í spor annarra og geta starfað með öðrum.

Í vetur fara nemendur í 1. og 2. bekk í „Zippytíma“ og sóttu umsjónarkennarar námskeið til að geta kennt efnið.



## Forskólatónleikar

Hinir árlegu skólatónleikar Forskóladeildar Tónlistarskóla Reykjanesbæjar verða haldnir á sal Myllubakkaskóla, mánudaginn 30. mars kl. 08.50. Þar koma fram nemendur í Forskóla 2 (2. bekkur) ásamt Lúðrasveit og Trommusveit Tónlistarskólans.

Einnig verða kvöldtónleikar með sömu efnisskrá í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur, miðvikudaginn 1. apríl kl. 19:30. Þá bætast í hópinn nemendur í forskóla 2 úr öllum hinum grunnskólum bæjarins. Á sviðinu verða því á þriðja hundrað hljóðfæraleikarar. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

## Páskabingó

Fimmtudaginn 2. apríl verða páskabingó á sal skólans.

4. - 6. bekkur kl. 17:00 - 18:30

7. - 10. bekkur kl. 19:00 - 20:30



Árshátið Myllubakkaskóla  
20. mars 2009 kl. 13:00




Þema: Hafið bláa hafið



Skemmtiatriði:



1. bekkur: Suðurnesjamenn
5. bekkur: Einsi kaldi úr Eyjunum
3. bekkur: Ruplum og rænum
2. bekkur: Ariel „í grænum sjó“
6. bekkur: Svampur Sveinsson
8. bekkur: Hákarlasaga
4. bekkur: Fiskurinn hennar Stínu
10. bekkur: Leitin að Nemo
7. bekkur: Systa sjóræningi
9. bekkur: Titanic



Óvænt atriði



Að dagskrá lokinni verður boðið upp á veitingar  
í B - sal íþróttahússins við Sunnubraut

Frístundaskólinn verður opinn þennan dag  
frá kl. 8:10 - 12:00

